



## Samantekt á uppfærslu skýrslu fyrir kröfuhafa

Ágúst 2009

Á þeim níu mánuðum sem greiðslustöðvunin varir, frá 13. febrúar til 13. nóvember, mun bankinn mánaðarlega uppfæra skýrslu fyrir kröfuhafa á heimasíðu sinni, [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com), til að bæði þeir og almenningur geti fylgst með framvindu mála og fengið upplýsingar um það sem gerst hefur í liðnum mánuði.

### Uppfærðir kaflar

- 3.3 Helstu verkefni skilanevndar í dag
- 3.4 Núverandi staða á dótturfélögum Bankans
- 3.5 Núverandi staða á útibúum Bankans
- 3.7 Upplýsingagjöf og samskipti við kröfuhafa
- 4.3 Endurskipulagning eigna
- 6.6 Slitastjórn
- 7.6 Samantekt á lagalegri stöðu og hugsanlegri endurskipulagningu

### Upplýsingagjöf

Það er markmið skilanevndar að vera eins gagnsæ í störfum sínum og mögulegt er. Því hefur skilanevndin upplýst kröfuhafa um framvindu mála vel umfram lagalegar skyldur sínar og hyggst gera það áfram.

Frá því upplýsingasíða fyrir kröfuhafa, [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com), var sett í loftið í október 2008 hafa 345.000 heimsótt hana og síðuflettingar eru ríflega 1.000.000 talsins. Frá því í nóvember á síðasta ári hefur meira en 6.500 fyrirspurnum verið svarað.

### Málsóknir

Dómstóll í Bretlandi féllst á beiðni Bankans um að fram fari lögfræðileg endurskoðun á réttmæti ákvörðunar breskra stjórnvalda um að framselja til þriðja aðila, án bóta, eignir og innistæður á Kaupthing Edge reikningum hjá KSF, þann 8. október 2008. Dómstóllinn tók málið upp og hinn 10. júlí 2009 fóru fram sönnunarfærsla og efnislegur málf lutningur um íhlutun breskra stjórnvalda í rekstur KSF. Bankinn heldur því fram að aðgerðir breskra stjórnvalda hafi verið óréttmætar og ólöglegar. Skilanevndin væntir niðurstöðu dómstólsins síðar á árinu en áréttar að enn ríkir mikil óvissa um endanlegar lyktir málsins.

Tvær lögsóknir standa yfir í Þýskalandi vegna DZ Bank AG. Lögsóknin snýst um deilu vegna frystingu eigna og það sem Bankinn telur vera ólöglega skuldajöfnun (set-off) að hálfu DZ Bank AG.

### Uppfærð staða á útibúum

Hinn 22. júní hófust endurgreiðslur þegar Kaupþing banki sendi greiðslufyrirmæli til þýskrar fjármálastofnunar um að endurgreiða innstæður um 20.000 viðskiptavina. Endurgreiðsluferlinu er að ljúka og um miðjan ágúst námu endurgreiðslur til Edge innstæðueigenda í Þýskalandi 322m evra eða u.þ.b. 58 milljörðum króna. Einungis á eftir að greiða um 450 innstæðueigendum sem skýrist af því að staðfestingar hafa ekki borist frá þeim eða upplýsingar ekki réttar.

### Endurskipulagning eigna

*Bay Restaurant Group Limited og Town & City Pub Company Limited*

Plato Company 3 Limited á 100% hlut í félögnum Bay Restaurant Group Limited og Town & City Pub Company Limited. Samstæðan var mjög skuldsett og Bankinn átti umtalsverðan hluta þeirra skulda eða u.þ.b. 60%. Afgangur skuldanna var í eigu annars banka. Samstæðan komst að samkomulagi við bankana á skiptum skulda fyrir eigið fé sem minnkaði skuldir samstæðunnar um u.þ.b. 90 milljónir punda. Þessi endurskipulagning gerir félögnum kleift að einbeita sér að rekstri sínum við erfiðar



markaðsaðstæður. Bæði fyrirtækin hafa staðið sig vel á yfirstandandi ári og hefur rekstur þeirra beggja gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

### **Samantekt á lagalegri stöðu og hugsanlegri endurskipulagningu**

Samantekt á lagalegri stöðu Bankans og mögulegum kostum við endurskipulagningu hans er að finna í nýjum kafla (7.6).

### **Nýtt af slitastjórn Kaupþings**

Slitastjórn Bankans hefur ráðið PwC til að rannsaka aðgerðir Bankans fram að greiðslustöðvun. Rannsóknin mun aðallega snúa að möguleikum á riftunum gjörða hans, í samræmi við riftunarákvæði gjaldþrotalaga.

Þetta verður víðtæk rannsókn þar sem viðskipti Bankans, sem telja milljónir færslna á mánuði munu verða skoðaðar. Einnig mun rannsóknin ná til samninga Bankans á síðustu tveimur árum. Helstu mál sem verða rannsökuð eru: Lán, innistæður, afleiðuviðskipti, verðbréfaviðskipti, viðskipti við dótturfélög, fjármagnsfærslur milli landa, flóknir fjármálagerningar sem og greiðslur og viðskipti við starfsmenn Bankans. Sérstök áhersla verður lögð á rannsókn á viðskiptum við tengda aðila eins og það er skilgreint í gjaldþrotalögum, við helstu eigendur Bankans, lykilstjórnendur, innherja og önnur félög.

Við rannsóknina mun starfa fjöldi manns frá PwC auk starfsmanna slitastjórnar og skilanefndar. Einnig munu utanaðkomandi endurskoðendur PwC í Bretlandi koma að rannsókninni.